

Nefndasvið Alþings
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Reykjavík, 07. maí 2008

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði, þskj. 537 – 329. mál

Þingsályktunin gerir ráð fyrir að undirbúin verði könnun á starfrækslu þjónustumiðstöðvar sem gæti annast alla helstu þjónustu hérlendis við skip sem leita olíu á Drekasvæði. Í greinargerð kemur fram að tiltekin sveitarfélög á Norð-Austurlandi hafi ákveðið að stofna sameiginlegt fyrirtæki „sem á að kanna hvort innanverður Bakkafloi henti undir þjónustumiðstöð fyrir áformaða olíuleit....“ Gerðar verði botn-þrívíddar- og öldumælingar í Bakkafloa og einnig að samin verði þarfagreining á þeim þáttum sem þjónustumiðstöð af þessu tagi þarf að uppfylla.

Samtök iðnaðarins telja þessa frumvinnu jákvæða og geti svarað ýmsum grundvallarspurningum áður en frekari ákvarðanir verða teknar. Samtökin telja miklu skipta að í allri undirbúningsvinnu um hugsanlega uppbyggingu og rekstur slíkrar þjónustumiðstöðvar verði ávallt tekið mið af þeim leikreglum sem gilda hér og á EES-svæðinu og ætlað er að tryggja jafna stöðu fyrirtækja sem bjóða fram umrædda þjónustu. Ennfremur þarf að gæta þess að sveitarfélög hefji ekki atvinnurekstur á sviði sem einkaaðilar geta sinnt með góðu móti.

Að dómi SI gæti verið gagnlegt fyrir stjórnvöld að boða fyrirtæki á þessu sviði hér á landi til samráðs og hlýða á það sem þau hafa fram að færa við þessa undirbúningsvinnu. Þekking þeirra á þjónustuverkefnum af þessu tagi er mjög mikil og sum þeirra hafa góða reynslu af því að snúa saman bökkum til þess að sinna viðamiklum viðgerðar- og viðhaldsverkefnum. Sú reynsla gæti verið gott vegarnesti til þess að komast að farsælli niðurstöðu í máli þessu.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Ingólfur Sverrisson

Forstöðumaður málm- og véltæknisviðs SI